

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfirði.

Nýtt deiliskipulag vegna „Reykjavíkurveg 50-52 og Flatahrauns 1“.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 14. september 2004 nýtt deiliskipulag fyrir „Reykjavíkurveg 50-52 og Flatahraun 1“ í Hafnarfirði. Tillagan felst í meginatriðum í því að við Reykjavíkurveg 52 og Flatahraun 1 verði gerðar tvær íbúðarlóðir fyrir fjölbýlishús með allt að 78 íbúðum. Jafnframt fellur úr gildi breyting á deiliskipulagi „Iðnaðarhverfis austan Reykjavíkurveg“ vegna Reykjavíkurveg 50 sem samþykkt var 7. desember 1999. Farið var með málið samkv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og það yfirfarið af Skipulagsstofnun. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi „Iðnaðarhverfis austan Reykjavíkurveg“.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 14. september 2004 breytingu á deiliskipulagi „Iðnaðarhverfis austan Reykjavíkurveg“. Breytingin felst í því að skipulagsmörkum er breytt til samræmis við nýrri áætlanir. Farið var með breytinguna samkv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 11. október 2004.

F.h. umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar,

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri.